

Alþingi
Erindi nr. P 135/425
komudagur 26.11.2007

Umsögn 135 löggj. þing 2007 – 2008 Þskj. 17 – 17.mál

Frá Daufblindrafélagi Íslands, Þóreyju Ólafsdóttur frkvstj. 26. 11. 2007

Aths. Frumvarpið var ekki sent Daufblindrafélagi Íslands til umsagnar ! Ég sá það fyrir tilviljun á borði hjá Blindrafélaginu ! Hver er ástæðan fyrir því ?

Umsögn

Frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra

1.gr. Íslenska táknmálið er ekki fyrsta mál daufblindra almennt. Það eru aðeins örfáir daufblindir sem nota íslenska táknmálið á Íslandi í dag aðrir nota talmál, fingrastafróf eða sérstakt einstaklingsbundið táknmál. Það má þó segja að nokkrir til viðbótar úr hópi daufblindra hefðu átt að læra snertitáknmál hefðu þeir fengið rétta greiningu á sínum tíma og í framtíðinni verður ugglaut meira um það að þeim sem greinast með daufblindu verði kennt snertitáknmál.

Þessi grein hefði því átt að byrja svona... Sé íslenska táknmálið fyrsta mál.....

3.gr.eiga rétt á aðstoð táknmálstúlks.... Þar fari táknmáls út og eftir standi túlks þar sem daufblindir þurfa einnig aðra sérhæfðari túlkun.

7.gr. Í stað:" Sérhver notandi..... standi "Hver sá sem þarf á túlkun að halda eigi rétt á

Hvað varðar greinargerðina vil ég taka fram að ekki er vitað um fjölda daufblindra á Íslandi og alls ekki séu taldir með aldraðir daufblindir.

Í 4.gr greinargerðar er talað um að túlka þurfi hugtakið túlkabjónusta rúmt og er það mjög gott en mér finnst töluvert um það í frumvarpinu að ruglað sé saman og ekki nógu vel afmarkað hvenær er verið að tala um íslenska táknmálið og hvenær túlkun almennt fyrir þá sem þess þurfa .

Mjög mikilvægt er að tryggja rétt íslenska táknmálsins en það má ekki verða til þess að dregið sé úr eða sleppt þjónustu við þá sem nota annars konar táknmál eins og margir daufblindir gera og þurfa líka á túlkun að halda.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

II kafli 12 gr.

Sjúklingur sem notar ætti að vera einhvern veginn svona "Sjúklingur sem þarf á túlkun að halda á rétt á þeirri túlkun sem nýtist honum best..

